



Fundur háskólaráðs 30. janúar 2003

Fundargerð

Málsnúmer: HI03010012
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 23.01.2003
Dags: 30.01.2003

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

2/2003

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2003, fimmtudaginn 30. janúar var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Þorsteinn Loftsson, Rögnvaldur Ólafsson, Ármann Höskuldsson, Stefán Svavarsson, Davíð Gunnarsson og María Guðmundsdóttir.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram drög að erindisbréfi ráðgjafanefndar rektors um gæðamál og framkvæmd formlegs gæðakerfis Háskóla Íslands.
- 1.2 Lögð fram samstarfsyfirlýsing, dags. 13. janúar 2003, milli Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands um að eiga samstarf um sameiginlega þróun og rekstur upplýsingakerfa fyrir nemendur, kennara og stjórnslu skólanna.
- 1.3 Lögð fram ársskýrsla RHnets.
- 1.4 Lögð fram skipulagsskrá Styrktarsjóðs Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands.
- 1.5 Lagt fram bréf frá stjórn Rannsóknastofu í kvennafræðum varðandi starfshlutfall jafnréttisfulltrúa við Háskóla Íslands, dags. 10. janúar 2003, og bréf frá fyrstu jafnréttisnefnd Háskóla Íslands um sama efni, dags. 13. janúar 2003.
- 1.6 Lögð fram skýrsla vinnuhóps menntamálaráðherra um háskólanámssetur á Austurlandi, dags. janúar 2003.
- Rögnvaldur Ólafsson gerði grein fyrir málinu.
- 1.7 Lagður fram listi yfir úthlutun úr Aðstoðarmannasjóði Háskólans vegna vormisseris 2003, dags. 28. janúar 2003.
- 1.8 Góðir starfshættir við kennslu og próf, endurútgáfa (fer á netið).

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lagt fram minnisblað, dags. 30. janúar 2003, um samstarfssamninga Háskóla Íslands við heilbrigðisstofnanir ásamt skýringum.
- 2.2 Lögð fram drög að reglum um Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands ásamt minnisblaði, dags. 27. janúar 2003.
- Verður á dagskrá næsta fundar.
- 2.3 Lagðar fram endurskoðaðar reglur um framhaldsnám í raunvísindadeild ásamt minnisblaði, dags. 27. janúar 2003.
- Reglurnar samþykktar einróma ásamt breytinagartillögum akademískrar stjórnslu. Reglurnar verða sendar til birtingar þegar samþykki raunvísindaeildar liggur fyrir.
- 2.4 Lagt fram bréf frá Þórólfi Matthíassyni, formanni Félags háskólakennara, dags. 17. janúar 2003, varðandi sérreglur deilda um framgang starfsmanna með hæfnidóm ásamt álitum laganefndar BHM. Í ljósi álits laganefndar BHM óskar Félag háskólakennara eftir að málið verði tekið upp í háskólaráði og viðbrögðum ráðsins við niðurstöðum

nefndarinnar.

- Samþykkt einróma að leita álits Gests Jónssonar hrl. á málinu.

3. Mál á auglýstri dagskrá

3.1 Viðbótarsamningur um kennslu. Staða mála.

Rektor gerði grein fyrir stöðu samningamála, einkum varðandi fjölgun nemendaígilda og hækkun launastikunnar. Fram kom að fulltrúar menntamálaráðuneytisins hafa gefið vilyrði fyrir því að hámarksfjöldi nemendaígilda verði hækkaður í 4.900 og launastikan hækkuð.

Málið var rætt ítarlega.

3.2 Viðhalds- og framkvæmdaáætlun Háskólans fyrir árið 2003, sbr. síðasta fund.

- Viðhalds- og framkvæmdaáætlunin samþykkt einróma.

3.3 Tillaga hjúkrunarfræðideildar um að fjölga nemendum sem teknir verða inn 2002-2003 úr 65 í 75 nemendur.

- Samþykkt með þeim fyrirvara að ákvörðunin taki gildi þegar fyrir liggur skrifleg staðfesting á því að greitt verði fyrir a.m.k. 4.950 nemendaígildi skv. viðbótarsamningi um kennslu á þessu ári.

3.4 Tillögur deilda um fjöldatakmörkun 2003-2004, sbr. síðasta fund. Sjá meðfylgjandi yfirlit.

- Frestað.

3.5 Stefnunefnd H.Í. og LSH kemur á fundinn (kl. 15.00). Fram lagt yfirlit um verkefni stefnunefndar og minnisblað um þverfaglegt nám í heilbrigðisgreinum (lagt fram á síðasta fundi).

Inn á fundinn kom Stefnunefnd H.Í. og LSH og bauð rektor nefndarmenn velkomna. Magnús Pétursson, forstjóri LSH, reifaði hlutverk og starf nefndarinnar. Í máli Magnúsar kom m.a. fram að þrjú verkefni standa upp úr í starfi nefndarinnar, í fyrsta lagi málefni er varða sameiginlega stjórnun H.Í. og LSH, í öðru lagi umfjöllun um nemendur og sameiginlega starfsmenn og í þriðja lagi akademískar nafnbætur til starfsmanna sem til þeirra hafa unnið og eru þeirra verðugir. Að framsögu Magnúsar lokinni lýsti rektor samstarfi stofnananna frá sjónarhóli Háskólans og gaf svo orðið laust. Málið var rætt ítarlega og lýstu ráðsmenn þeirri skoðun að almennt hafi vel verið staðið að gerð og framkvæmd samstarfssamningsins.

Fleira var ekki gert.
Fundi slitið kl. 16.00